

## Fundargerð 143. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 22. apríl 2020 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Agnar Ólason og Símon Guðvarður Jónsson.

Fjarfundur: Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson og Svanur Gunnsteinsson.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 142.
2. Staða kjaramála.
3. Aðalfundur.
4. Önnur mál.

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr 142

Formaður setti fundinn og bauð menn velkomna. Síðan var fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð af þeim sem voru mættir, hinir undirrita síðar.

### 2. Staða kjaramála

Niðurstöður í kosningu um kjarasamning Isal, 86% samþykktu. Mögulega gildir hann bara út júní vegna ákvæða í samningnum varðandi það að Isal nái samningi við Landsvirkjun. Aðrir samningar eru í hæggangi vegna ástandsins í Þjóðfélaginu. Samningur við Orkubú Vestfjarða er nánast tilbúinn, eða svona 90% af honum. Hjá Selfossveitum er viss fortíðarvandi í gangi sem byrja þarf að leysa áður en hægt er að gera nýjan samning. Samningurinn við Hafró er að verða tilbúinn. Samningur við Kerfóðrun er í gangi og vonumst við til að klára hann fyrir 1.maí, en það er ekki öruggt. Ekkert er að gerast í samningum SFS nema verið er að breyta uppgjöri á frystitogurum. Eina sem er ánægjulegt er að kostnaðarhlutfall minnkar um næstu mánaðarmót vegna olíuverðsins.

SFS vill ekki klára samning á meðan Covid er í gangi.

Varðandi minnkað starfshlutfall þá eru fyrirtæki því miður að misnota það, láta menn vinna fulla vinnu þó svo að samið hafi verið um minnkað hlutfall.

### 3. Aðalfundur

Í lögum félagsins segir að halda þurfi aðalfund fyrir 30.apríl ár hvert og tilkynna nýja stjórn, hafi verið stjórnarkjör. Við höfum verið að skoða hvað við getum gert og meðal annars rætt við ASÍ og tillagan er sú að við höldum fjarfund og tilkynnum nýja stjórn og síðan frestum við fundi þar til samkomubann hefur verið fært í fjölmennari hóp. Formaður sýndi auglýsingu sem búið er að gera til að auglýsa fundinn og þar er aðalfundi frestað um óákveðinn tíma. Umræður urðu og hversu lengi ætti að fresta.

Samþykkt var að boða fundinn eins og auglýsingin segir, fjarfund og frestun um ókveðinn tíma.

#### 4. Önnur mál.

Spurt var hvernig menn hefðu tekið því þegar bústöðunum var lokað. Formaður svaraði því að menn hafi yfirleitt tekið því mjög vel og sýnt skilning.

Umræður urðu um sundlaugina á Laugarvatni og tjaldstæðin. Verðum að bíða eftir frekari fyrirmælum um sundlaugar og tjaldsvæði áður en við ákveðum hvað við gerum.

Spurt var hvernig vatnsmálin á Laugarvatni stæðu. Formaður sagði að hann hringdi reglulega í Bláskógabyggð en enn væri ekkert að gerast en það væri þeirra megin.

Formaður sagði frá því að VM og Rafiðnaðarsambandinu hefðu fengið bréf frá björgunarsveitinni Ingunni í Bláskógarbyggð þar sem óskað var eftir styrk. Í bréfinu segir að þeir séu í auknu mæli kallaðir til að aðstoða við sjúkraflutninga þar sem sjúkrabílar komast ekki að og þurfa því að kaupa ýmsan útbúnað í bílana sína. Óskað var eftir 400 þúsund krónum og ákváðu formennirnir að skipta þessu á milli félaganna, 200 þús á hvort. Stjórn styður ákvörðun formanns.

Formaður óskar eftir heimild stjórnar til að endurnýja bíl umsjónarmanns orlofshúsa, miðað við 5 millj. kr. bíl, setja gamla upp í. Það var samþykkt.

Spurt var hvað margir hefðu kosið í stjórnarkjörinu. Formaður upplýsti að 601 hefði kosið og þetta væri þriðja stærsta kosningin frá upphafi, 16.75%.

Fundi slitið 12:05.